

**14. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
14. maí 2015 og hófst hann kl. 11:00**

**Fundinn sátu:**

Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Þórunn María Örnólfssdóttir aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður og Hlini Baldursson varamaður.

**Fundargerð ritaði:** Ingþór Bergmann Þórhallsson, formaður.

**Fyrir tekið:**

**1. 1503232 - Styrkir vegna menningar-, íþróttá- og atvinnumála 2015**

Styrkir til menningar-, íþróttá- og atvinnumála lagðar fram til umsagnar hjá menningar- og safnanefnd.

*Ingþór B. Þórhallsson víkur af fundi vegna vanhæfis.*

*Menningar- og safnanefnd er sammála þeim tillögum er lagðar eru til af tilsettum verkefnastjórum en jafnframt vill nefndin fá tækifæri til að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins. Nýjar úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóði SSV kalla á endurskoðun styrkja til menningarmála hér á Akranesi.*

**2. 1503045 - Menningar - og safnanefnd - stefnumörkun til 5 ára**

Áfram unnið að stefnumótun.

*Nefndin ræddi stefnumótun og tók til umfjöllunar skýrslu um Úttekt á rekstri menningarmála 2015 sem gerð var af Birni Steinari Pálssyni nú í vetur. Nefndin hefur farið ýtarlega yfir tillöguhluta skýrslunar og skilar umsögn til bæjarráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.**

*Ingþór B. Þórhallsson.  
þær María Örnólfssd.*

*Guðmundur Claxton  
Guðríður Sigurjónsdóttir  
Hlini Baldursson*